

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundum nr. 257.
dags: 10. júní 2025



Dalirnir


Fólkið og framtíðin





- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 679 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. júní sl. og hefur okkur fjölgað um 4 íbúa frá því í byrjun maí og 10 frá því 2. febrúar sl.
- Framkvæmdir ganga sem fyrr vel við íþróttamannvirkin okkar og hefur saxast á þær 2 vikur sem verkið hefur verið á eftir áætlun um hríð. Allt er enn samkvæmt áætlun hvað kostnað varðar en verið er að skoða ákveðin viðbótarverk, s.s. eins og geymsluskúr á lóð sem gæti nýst bæði sundlaugarsvæði sem og skólalóð, sauna og síðast en ekki síst er í skoðun hvaða möguleikar eru varðandi hreinsibúnað í sundlaug sem getur mögulega þýtt hækkun á stofnkostnaði en hagkvæmari rekstur og betra vinnuumhverfi til lengri tíma. Byggðarráð mun taka lokaákvörðun hvað þessi verkefni varðar á næstunni.

- Útboð vegna úrgangsmála fer í loftið á næstunni en unnið hefur verið að undirbúningi þess um hríð. Við erum í samstarfi við Consensa hvað það verkefni varðar. Núverandi samningur rennur út í árslok 2025.
- Á 336. fundi byggðarráðs Dalabyggðar sem haldinn var þann 5. júní sl. var rætt um framkomna umsagnarbeiðni varðandi áform stjórnvalda um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Undirrituðum var falið að senda inn umsögn svohljóðandi f.h. Dalabyggðar:
 - „*Dalabyggð fagnar því fram séu komin formleg áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem felld verður úr gildi undanþága rafveitna (vatnsafls-, jarðvarma- og vindaflsvirkjana) frá fasteignamati. Jafnframt lýsum við yfir ánægju með að áformað sé að fasteignaskattur geti dreifst á milli fleiri en eins sveitarfélags og að hluti af fasteignaskattstekjum af orkumannvirkjum skuli eiga að dreifast til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.*“





- Nemendur í 3. og 4. bekk Auðarskóla afhentu undirrituðum góða áskorun til okkar starfsmanna á skrifstofu Dalabyggðar þar sem skorað var á okkur að huga að umhverfinu með ýmsum hætti. Hópnum var svarað formlega fyrir skólalok.
- Hér fyrr á fundinum staðfesti sveitarstjórn sölu á eignum og landspildu að Laugum í Sælingsdal og því er búið að formgera kaupleigusamning þann sem gerður var á seinni hluta árs 2022 við rekstraraðila hótelsins. Ég vænti áframhaldandi góðs samstarfs og samvinnu við nú nýja eigendur að mannvirkjunum að Laugum um leið og ég óska þeim til hamingju. Einnig var hér fyrr á fundinum staðfest samþykkt kauptilboð í félagsheimilið Árblik, vænti ég sömuleiðis góðra samskipta við væntanlega eigendur að Árbliki.



- Þann 16. júní n.k. mun undirritaður mæta á félags- og aðalfund umf. Stjórnunnar sem er meðeigandi Dalabyggðar að félagsheimilinu Tjarnarlundi m.a. til að ræða mögulega breytingu á eignarhaldi þess húss. Verður fróðlegt að eiga samtalið við nær samfélagið um stöðu og framtíð þess mannvirkis.
- Þann 4. júní sl. var tekin fyrsta skóflustunga að nýju húsi hér í Búðardal sem Leigufélagið Bríet byggir. Um er að ræða parhús og er hvor íbúð um sig 63m², íbúðirnar saman standa af alrými, tveimur svefnherbergjum, baðherbergi og forstofu. Vonir eru bundnar við að verkið klárast í júlí og íbúðirnar verði tilbúnar til afhendingar væntanlegum leigjendum fyrir lok sumars. Erindi hefur verið sent á stjórn Leigufélagsins þar sem óskað er eftir frekara samstarfi við félagið um uppbyggingu íbúa í Búðardal.

- Vonir standa til að línur fari að skýrast á næstunni hvað varðar tímalínu og umfang uppbyggingar atvinnuhúsnæðis varðar sem við erum með í undirbúningi í góðu samstarfi við Bygðastofnun.
- Það eru vonbrigði að ekki fást nein svör frá dómsmálaráðherra varðandi möguleika á aðild lögreglunnar að uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila hér í Búðardal en aðstaða fyrir lögregluna er ein meginstoð þess að verkefnið geti farið af stað. Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur nú lýst yfir vilja til að vera aðili að verkefninu hvað aðstöðu fyrir sjúkrabifreiðar varðar. Áfram verður reynt með öllum ráðum að fá ríkisvaldið/dómsmálaráðuneytið til að koma að málinu í gegnum þá FSRE.



Leikjanámskeið Undra 2025

Verður haldið í fjórar vikur, 3. - 28. júní.
Námskeiðið verður frá 9:00 til 15:00 mánudaga -
fimmtudaga og frá 9:00 til 13:00 á föstudögum.

Vika 1: 3.-6. júní (skólaslit 2. júní)

Vika 2: 10.-13. júní (frídagur 9. júní)

Vika 3: 16.-20. júní (frídagur 17. júní)



- Sumarbingó Héraðsbókasafns Dalasýslu verður nú endurtekið fjórða sumarið í röð. Bingóið er lestrarátak Dalabyggðar yfir sumartímann fyrir börn á aldrinum 5-12 ára.
- Leikjanámskeið á vegum Íþróttafélagsins Undra verður haldið í fjórar vikur í júní, 3. – 27. júní í Dalabúð, Búðardal. Námskeiðið er fyrir börn fædd 2013 – 2018.

A white flag with a blue crest and the text "Dalabyggð" waving against a blue sky. The crest features a stylized blue wave on the left and a blue bird-like figure on the right. The text "Dalabyggð" is written in a blue, stylized font below the crest.

Dalabyggð

- Ákveðið hefur verið að standa fyrir tilnefningu um Dalamann ársins 2025 og tilkynna um niðurstöðuna á hátíðarhöldum 17. Júní. Hérna neðst í fréttinni má finna rafrænt eyðublað þar sem eru tvær spurningar sem þarf að svara til að atkvæðið sé tekið gilt. Þetta tilnefningarform verður opið til og með fimmtudeginum 12. júní nk. Að því loknu fara tilnefningar með rökstuðningi fyrir menningarmálanefnd sem mun tilkynna um Dalamann ársins 2025 á hátíðarhöldunum.



- Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV, fundaði hér í Búðardal fyrr í dag. Undirritaður fékk að koma inn á fund stjórnarinnar til að kynna stöðuna hjá okkur í Dalabyggð og fara yfir sameiginleg hagsmunamál okkar á Vesturlandi. Það er ánægjulegt að segja frá því að á fundi stjórnar í morgun var kosin nýr varaformaður stjórnar SSV og er oddviti okkar, Ingibjörg Þórunna, tekin við því embætti, til hamingju Inga.



- Vinnuskóli Dalabyggðar hóf störf í morgun, 10. júní og mun starfa til loka júlí fyrir unglinga fædda 2008 til 2012. Sigríður Jónsdóttir verður umsjónarmaður Vinnuskólans líkt og undanfarin ár og er það fagnaðarefni. 7 krakkar hófu störf hjá okkur í morgun og munum við örugglega sjá merki þess á næstu dögum að þau hafa hafist handa við að snyrta umhverfið hjá okkur.

12
JÚLÍ

STURLUHÁTÍÐ 2025

STURLUHÁTÍÐ

12. JÚLÍ 2025

STAÐARHÓLI & TJARNARLUNDI Í SAURBÆ Í DÖLU

12
JÚLÍ

EIRÍKSSTAÐAHÁTÍÐ 2025



- Ég vil minna á hina árlega Sturluhátíð sem verður haldin á Staðarhóli og félagsheimilinu Tjarnarlundi laugardaginn 12. júlí nk. Nánar má sjá upplýsingar um dagskrána á www.dalir.is
- Einnig vil ég minna á sumarhátíð Eiríksstaða sem verður haldin sömu helgi og Sturluhátíðin eða dagana 12.-13. júlí í sumar. Nánar á heimasíðu Eiríksstaða og www.dalir.is



Í Búðardal er gert ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsalóðum

Í skipulagi er lögð áhersla á gott yfirbragð hverfa, nálægð við útivistarsvæði, öruggar göngu- og hjólaleiðir og góð tengsl við miðsvæði.

Stutt í skóla/leikskóla og nýtt íþróttahús ásamt sundlaug sem verða tekin í notkun upphaf árs 2026.

- Auglýsing og/eða frétt til að kynna lausar lóðir hér í Búðardal fer á heimasíðu okkar í þessari viku. Um er að ræða lóðir við Ásuhvamm, Bakkahvamm og Lækjarhvamm og einnig munum við vekja athygli á lausum lóðum undir hesthús. Á næstu vikum munum við svo geta auglýst lausar lóðir við þegar byggðar götur hér í Búðardal eða þegar Skipulagsstofnun hefur lokið rýni á nýju deiliskipulagi okkar. Samhliða því munum við geta flaggað lóðum í umhverfi Silfurtúns. Það verður spennandi að sjá hvort við fáum þau viðbrögð sem við vonumst eftir þegar lóðir vera auglýstar.



- Ég vil vekja athygli á því að þann 11. júní 2025 eru 80 ár frá stofnþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og mun Sambandið fagna áfanganum með afmælisráðstefnu sama dag. Á ráðstefnunni verða fjölbreytt erindi um sögu og þróun sveitarfélaga, og áskoranir framtíðarinnar.
- Líkt og sagt var frá í síðustu skýrslu minni munum við loka skrifstofu Dalabyggðar vegna sumarleyfa dagana 23. júlí til 7. ágúst. Við munum kynna lokun skrifstofunnar vel í aðdraganda hennar en jafnframt vakta pósthólf og þ.h. ef upp kom brýn úrlausnarefni meðan lokun varir.
- 17. júní hátíðarhöld verða hér í Búðardal að venju og verður dagskrá kynnt á samfélagsmiðlum okkar þegar nær dregur.



- Á morgun, 11. Júní, á 31. árs afmæli Dalabyggðar og þegar ár er liðið frá því að við tókum fyrstu skóflustungu að íþróttamannvirkjum hér í Búðardal munum við, samstarfi við SSV og Skessuhorn gefa út kynningarrit um Dalabyggð með greinum um samfélagið og viðtölum við einstaklinga hér í Dölunum. Það verður áhugavert að sjá hvaða viðbrögð þetta blað fær en ég vil þakka öllum sem að undirbúningi þess komu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir. Svona útgáfa verður ekki til af sjálfu sér og mikið efni þarf til að fylla 24 blaðsíður en rétt er að segja frá því að við hefðum hæglega haft efni í a.m.k. 4 til 6 síður í viðbót en einhversstaðar þurfti að stoppa. Yfirskrift blaðsins er „Dalirnir – fólkið og framtíðin“.



Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 10/06/2025